

## Dagsskrá

5  
22an  
júní.

fyrir fangana í hegningarhúsinu í Reykjavík.

Kl. 4<sup>3</sup>/<sub>4</sub> á morgnana frá 1. maí til 1. októbr., og kl. 5<sup>3</sup>/<sub>4</sub> allan annan tíma ársins skal gjöra bendingu til fótaferðar.

Skal þá sér hver fangi rísa úr rekkju, klæðast og þar næst þvo sér og kempa tilhlýðilega. Sængrofötin skulu vafin saman innan í rekkjunni, sem þá reirist saman og legst á sinn stað í kompunni, má og hana eigi þaðan hreifa fyrir háttatíma. Fanginn hreinsar og sópar kompu sína, safnar sorpinu í stokk, sem til þess er ætlaðr, færir alt í lag í kompunni og lífr eptir fötum sínum, sem hann dustar og hreinsar tilhlýðilega. Þessu skal hann lokið hafa, þegar önnur bendingin verðr gjörð hálfri stundu eptir hina fyrstu, en þar næst byrjar vinnutíminn bæði á samvinnustofunni og í kompunum.

Morgunverð skal skamta kl. 7<sup>3</sup>/<sub>4</sub>, og er þá hvíldartími til kl. 8<sup>1</sup>/<sub>4</sub>, þá er vinnu haldið á fram til kl. 12.

Miðdegisverð skal skamta kl. 12, og er þá hvíldartími til kl. 1. Kl. 1 skal aptr taka til vinnu og vera að til kl. 8, að undantekinni ½ stundu, sem veitist föngunum til hvíldar frá kl. 5 til kl. 5<sup>1</sup>/<sub>2</sub>, og til að neyta leyfanna af miðdegisverðinum og af brauðskamti þeim, sem föngum er ætlaðr, og flóaðrar mjólk, sem þeir fá sér skamtada kl. 5.

Annaðhvort fyrir eða eptir hádegi veitist enn fremr hverjum fanga ½ stundar vinnu lausn til að hreifa sig í garðinum, og eru fangar skyldir til að taka þátt í þessu, nema þeir séu því berlega undanþegnir.

Kl. 8 á kveldin verðr bending gjörð til að hætta vinnu, og hafa fangar þá hvíldartíma til kl. 8<sup>1</sup>/<sub>2</sub>.

Áðr en vinna byrjar, og að henni endaðri á hverjum degi, skal á samvinnustofunni lesa stutta bæn, og skal annaðhvort umsjónarmaðr, eða einhver af föngunum, sem prestr állir til þess fallinn, gjöra það.

Kl. 8<sup>1</sup>/<sub>2</sub> verðr bending gjörð til þess, að fangar búi rekkjur sínar, afklæði sig og leggist til svefnis.

Á laugardögum frá kl. 5 eptirmiðdag skulu fangar ekki vinna, heldr taka við hreinum nærfötum fyrir næstu viku, klæðast þeim og skila umsjónarmanni hinum óhreinu. Þessa tómstund notar fangi líka til að þvo kompuna og fága og hreinsa áhöld og verkfæri þau, sem honum er trúað fyrir.

Á sunnu- og helgidögum, þegar engin skyldvinna á sér stað, gildir dagskrá þessi samt sem áðr, að undanteknu því, sem ákveðið er um vinnutímann, sem fangi nú getr varið til að lesa, eða, að fengnu leyfi, til annara nytsamra starfa.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 22. júní 1874.

*Hilmar Finsen.*

Jón Jónsson.

## Reglur

fyrir fanga, sem settir eru til gæzlu í fangelsi það, sem sameinað er hegningarhúsinu í Rvík.

## 1. gr.

Sérhvern fanga skal nákvæmlega rannsaka jafnskjótt og hann kemr í fangelsið, og skal frá honum taka alla þá peninga, sem hann hefir á sér, sem og sérhvað það, er í höndum hans gæti orðið honum sjálfum eða öðrum að tjóni; sömuleiðis alt það, sem annaðhvort þykir geta skýrt málið, eða fangi ekki virðist mega hafa með sér, samkvæmt þeirri reglu, sem í fangelsinu gildir.

Hinn 17. október 1874.

6  
24ða  
júní.

6  
240a  
júnf.

## 2. gr.

Alt það, er fangi hefir með sér, skal nákvæmlega rita í bók, sem til þess er gjörð; skal lesa hið ritada fyrir fanganum, og láta hann undirskrifa það, annaðhvort eigin hendi, eðr, ef hann kann ekki að skrifa, með hönd á penna.

## 3. gr.

Fangi má ekki trufla þá rósemi og þá föstu reglu, sem á að vera í fangelsunum, hvorki með sönglist, skarkala, hávaða, nè með að klifra upp í glugga, knýja á hurð eða þess konar; og eins og fangi ekki án sérlegs leyfis má setja sig í samband við neinn fyrir utan fangelsið, svo er einnig fyrirboðið þeim, er í varðhaldi eru, að eiga nokkurt samneyti sín í milli. Það er söngum og fyrirboðið að óhreinka kompurnar með að skrifa, mála eða klóra á vegg og hurðir, eða á annan líkan hátt; sömuleiðis er það bannað að skemma eða eyðileggja áhöld, og að spilla verkefnum þeim, sem söngum eru fengin til að vinna úr. Loksins skal fangi nákvæmlega fylgja þeim reglum, sem settar eru um hreinlæti bæði á sjálfum honum, fangakompunni og áhöldunum.

## 4. gr.

Fangi er skyldr að sýna bæði fangaverði og öðrum yfirboðurum sínum virðingu og skilyrðislausu hlýðni. Samfanga sína skal hann umgangast með friðsemi og velvild.

## 5. gr.

Fyrir sérhvert brot á móti siðareglunum verður hann látinn sæta ábyrgð, og sè brotið ekki svo svæsið, að það eigi að sæta opinberri kærú, verður honum eptir málavöxtum hegnt með því, að svipta hann tækjum til að starfa, ljósi á kvöldin, að því leyti það, hefir áðr verið honum leyft, og þeim réttindum að fá fæði sitt aukið, eða með líkamlegri refsingu, alt að 9 reirpriks- eða vandar-höggum, alt eptir úrskurði lögreglustjóra, að undan-genginni rannsókn; þangað til úrskurðr fæst, verður að setja hina óstýrilátu fyrst um sinn í spennitreyu eða spennisila, ef friðr eigi fæst á annan hátt.

## 6. gr.

Sitji fangar ekki við vatns- og brauds-viðrværi, eðr í einföldu fangelsi við venjulegt fanga-viðrværi, mega þeir láta fangavörð útvega sér aðra fæðu fyrir algengt verð, sem aukaviðrværi. Nautn brennivíns eða annara ölfanga eða tóbaks er söngum eigi leyfð, nema að læknis ráði.

## 7. gr.

Með tilliti til hreinlætis skal þess gætt, er nú segir:

1. Þegar rannsókn eptir 1. gr. á sér stað á fanga, sem látinn er í varðhald, skal líka litið eptir, hvort hann er hreinn, og sè þess þörf, skal fangi, áðr hann er settur í fangelsið, hreinsa, þvo sér og kempa, láta klippa sig og raka, eins og einnig, ef hann skortir fót, eða fót hans eru óbrúkandi fyrir sliti og óhreinindum, verður að fá honum það, sem þannig er þörf á.
2. Meðan fangi dvelst í fangelsinu, skal hann á hverri viku hafa hreina skyrtu, hálsklút og sokka. Hreinar rekkjuvoðir fær hann á sumrum fjórðu hverja og á vetrum sjöttu hverja viku, og hrein handklæði, rúmfataver og nýjan hálm í rúmfót, svo opt sem þurfa þykir. Svo opt sem fanga eru fengin hrein fót, skal hann reglulega afhenda hin óhreinu.
3. Fangar skulu þvo og hreinsa kompúr þær, er þeir sitja í, sem og áhöld þau m. m., er kompunum fylgja, á þeim tímum, sem þeim er skipað, eptir því, sem á veðráttu og árstíma stendr. Þeir skulu fara vel með áhöldin og halda hverju á sínum stað, og ætíð í klæðnaði sínum vera reglusamir og þökkalegir.

En eins og lögreglustjóri getr veitt undanþágur frá ofanumgetnu eptirliti með persónulegu hreinlæti fanga, þegar lífsstaða þeirra og persónulegir eiginlegleikar benda á, að ekki sé þörf á því líku eptirliti, þannig skal það eigi heldr vera fyrirmunað þeim föngum, sem efni hafa til þess, að láta fangavörð annast um að halda hreinum fangelsum þeirra og brúkararmunum, og húa um þá móti sanngjarnri þóknun eptir ákvörðun lögreglustjóra, sem ekki má fara fram yfir, hvernig sem á stendr.

## 8. gr.

Nema lögreglustjóri vegna sérstaklegra kringumstæðna, sér í lagi aldrs og lasleika hlutaðeiganda, gefi sérlegt leyfi til, má engum fanga líðast að nota rúm eðr hvílu sína á daginn til að liggja í, og verðr því lokað fyrir rúmið af fangaverði við morgunrannsóknina, eðr það verðr gjört óaðgengilegt á annan hátt. Fangi er því skyldr til jafnskjótt og hann er kominn á fætr, að húa um rúm sitt eðr binda það saman á þeim tíma sem lögreglustjóri hefir til tekið fyrir fangelsin, svo að fangavörðr geti gælt þess, er honum ber með tilliti til hvíluváms fanga.

## 9. gr.

Ef fangi óskar þess, og rannsóknardómari ekki bannar það af sérlegum ástæðum, mun það verða leyft honum að sýsla með einhverja hæfilega vinnu í fangelsinu. Ef svo er, tilfelle fanganum arðrinn af vinnunni að frá dregnum kostnaði, og getr hann varið arðinum til aukafædis handa sér eða til hagnaðar fyrir ættingja sína, eða látið geyma hann, uns hann er laus látinn; og til þess að fangi geti þólast vissu um, hversu mikið honum beri, skal hann látinn vita það, þegar hann beiðist þess.

## 10. gr.

Það skal brýnt fyrir föngum sér í lagi á sunnu- og helgidögum, iðulega að lesa þær bækur, er til áhalda fangahússins heyra, og geta þeir þar hjá vænti að fá aðrar góðar og nýtsamar bækur að lesa, þegar lögreglustjóri veitir sérlegt leyfi til þess.

Án sérlegs leyfis lögreglustjóra má enginn fangi hafa afnot af skriflarum eða senda neitt skrifað burtu frá sér.

## 11. gr.

Fangi má eigi þiggja heimsókn af neinum öðrum en prest, lækni og málsfærslumanni þeim, er honum er skipaðr; en með sérlegu samþykki lögreglustjóra má leyfa honum viðtal við frændr og vini í viðrvisat umsjónarmanns.

## 12. gr.

Fangi skal hegða sér eptir heilbrigðisreglum þeim, er lækni hefir fyrir sett, og nákvæmlega nýta sér þau meðöl, er hann fyrir skipar. Ef fangi verðr hastarlega lasinn, eða hafi hann eitthvað nauðsynlegt fram að færa, getr hann kallað umsjónarmann með því að hringja klukku, sem í kompu hans er; en gjöri hann þetta að nauðsynjalausu, varðar það hegningu.

## 13. gr.

Þegar veðr og árstími leyfir, verðr sérhverjum fanga, sem eigi er hindraðr af heilsuleysi, daglega hleypt út í garðinn tvisvar, hálfu stand í senn, til að hreifa sig og anda hreint loft.

## 14. gr.

Áliti fangi sér órétt gjörðan og vilji kvarta yfir, eins og líka þegar hann annars hefir eitthvað að bera sig upp um eða skýra frá einhverju, getr hann heimtað að verða færðr fram fyrir lögreglustjóra, sem ef kvörtun fanga er ætlað að ganga til háyrvaldsins, skal annast um að leiðbeina henni með áliti sínu. Vilji hann ná tali rannsóknardómara, hins

6  
24da  
júní.

setta málsfærslumanns síns, prests eða læknis, skal hann tjá það fangaverði, sem í því tilliti hefir reglur eptir að breyta.

15. gr.

Þessa reglugjörð skal prenta út af fyrir sig, og slá henni upp í hverri fangakompu til leiðbeiningar, svo fangar geti brýnt hana fyrir sér.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 24. júní 1874.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

7  
22an  
júní.

### Reglugjörð

fyrir matarhæfi fanganna í hegningarhúsinu í Reykjavík.

Aætlun fyrir 10 fanga.

Sunnudagr: 5 pund svínakjöts eða 3 1/3 pund svínakjöts

Uxakjótssúpa eða baunir með svínakjöti. Til þess þarf að hafa 5 pund uxakjöts

1 1/8 pott bygggrjóna eða 3/10 skeffu kartaflna eða 2 1/2 pd káls } eða: { 3 3/4 pott bauna  
1/16 skeffu af rófum

Mánudagr og fimtudagr: 2 1/2 pund af bygg- eða hálfgrjónum, 7 1/2 pelli af undanrenningi og salt. Sè

Grautr. Til þess þarf 2 1/2 pund af bygg- eða hálfgrjónum, 7 1/2 pelli af undanrenningi og salt. Sè

mjólk eigi að fá, fær hver fangi 5 kvint af smjöri.

Þriðjudagr og föstudagr:

Súpa af salt-(sauða-)kjöti. Þar til þarf 5 pund salts sauðakjöts

1 1/8 pott bygg- eða hálfgrjóna

3/10 skeffu af kartöflum eða rófum.

Miðvikudagr og laugardagr:

Saltfiskr eða blautfiskr og þarf til þess 6 pund af saltfiski eða blautfiski

3/10 skeffu af kartöflum

20 kvint af smjöri eða nýrri sauðatólg.

Sérhver fangi fær þar að auki daglega 1 1/2 pund af brauði og 3 pela af undanrenningi, helming til morgunverðar og helming á hvíldarstundinni að áliðnum degi. A

vétrnar 1. okt. til 1. apr. skal mjólkinn vera flóuð. Á morgnana er skamtað 1 pund af brauði og að áliðnu 1/2 pund með 2 kvintum smjörs í hvert skipti.

Á jólum, páskum, hvítasunnu og afmælisdag hans hátignar konungsins fá fangarnir aukamáltíð, og má í hvert skipti verja 16 sk. á mann í þessu skyni umfram hið reglulega matarhæfi.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 22. júní 1874.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

8  
17da  
ágúst.

Bréf landshöfðingjans (til stíptisyfirvaldanna).

Í þóknanlegu bréfi frá 13. p. m. hafa stíptisyfirvöldin skotið til úrskurðar landshöfðingjans bænarskrá aðstoðarprestis síra Jens Pálssonar vegna föður hans sóknarprestis að Arnarbæli P. J. Matthiesens um að taka megi 600 rd. lán til framkvæmdar ýmsum vatnsveit